

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2022

2022/EES/61/03

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1699 frá 22. september 2021 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2037 frá 22. nóvember 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar undanþágur fyrir rekstraraðila frá þeim skyldum að skrá lagareldisstöðvar og að halda skrár ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og lagareldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13s (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688) í hluta 1.1:

„13t. **32021 R 2037**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2037 frá 22. nóvember 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar undanþágur fyrir rekstraraðila frá þeim skyldum að skrá lagareldisstöðvar og að halda skrár (Stjtið. ESB L 416, 23.11.2021, bls. 80).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1:

„– **32021 R 1699**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1699 frá 22. september 2021 (Stjtið. ESB L 336, 23.9. 2021, bls. 42).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 416, 23.11.2021, bls. 80.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1699 og (ESB) 2019/2037, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.